



Vefsíða: www.inl.is Netfang: astasol@snorri.is

Fréttabréf **Þjóðræknisfélags Íslendinga**

Ritstjórn og myndir: *Ásta Sól Kristjánsdóttir – Almar Grímsson (ábm.)*

Þjóðræknisfélag Íslendinga 70 ára

Nokkrir hugsjónamenn komu saman til fundar í húsi Eimskipafélags Íslands 1. desember 1939 og tóku ákvörðun um að stofna félag til að efla samstarf milli íslenskra landnema í Vesturheimi við gamla landið Ísland. Þá voru liðin 20 ár frá því að félagið var stofnað í Winnipeg, *Þjóðræknisfélag Íslendinga í Vesturheimi*, sem nú gengur undir nafninu *The Icelandic National League*.

Því miður eru fáar heimildir um aðdraganda stofnunar Þjóðræknisfélags Íslendinga (ÞFÍ). Flest gögn félagsins frá þeim tíma hafa ekki fundist. Þó er ljóst að samstarf og samvinna við landnemana vestra hófst með einum eða öðrum hætti mun fyrr en 1939.

Tímasetning stofnunar ÞFÍ er athyglisverð. Síðari heimstyrjöldin nýhafin og samgöngur og öll samskipti mjög erfið. Eftir stríðslok urðu hins vegar alger straumhvörf. Reglubundnar flugsamgöngur hófust og í kjölfarið voru skipulagðar á næstu áratugum fjölmargar hópferðir vestur og að vestan.

ÞFÍ átti þannig blómaskeið en starfsemi þessi dvínaði mjög um nokkurra ára skeið. Árið 1997 hafði þáverandi ríkisstjórn forgöngu um að endurvekja ÞFÍ og var það gert með formlegum hætti á degi Leifs Eiríkssonar 9. október 1997.

Fljótlega eftir það var farið að huga að ungmennaverkefni sem nefnt var Snorraverkefnið. Fyrsti hópurinn til Íslands 1999. og er Snorraverkefnið annað af meginstöðum starfs félagsins. Hin er skipulagning ferða á slóðir íslenskra landnema og einnig ferðir afkomenda þeirra hingað til lands. Vonir standa til að starf félagsins haldi áfram að vaxa og dafna.

Almar Grímsson

Verkefnisstjóri

Snorrastjórn leitar að verkefnisstjóra í tímabundið starf
Helstu verkefni eru:

- Umsjón og framkvæmd Snorraverkefnisins og Snorra-plús sumarið 2010.

Í starfinu felst m.a. skipulagning dagskrár, styrktar- og fjármálaumsjón, kynningarstarf, fararstjórn, uppfærsla heimasíðu og að vera tengiliður við þátttakendur, ættingja og aðra sem verkefnið snerta.

- Tilfallandi störf á skrifstofu Norræna félagsins og ÞFÍ.

Hæfniskröfur:

- BA, BS eða MA próf eða sambærileg menntun sem nýttist í starfi

- Reynsla af gerð fjárhagsáætlana og framkvæmd þeirra

- Stjórnunar- og skipulagshæfileikar og hæfni í mannlegum samskiptum

- Áhugi á samskiptum við Vestur-Íslendinga

- Reynsla af alþjóðasamstarfi og/edá ferðamanna-íðnaðinum er æskileg

- Reynsla af búsetu í Norður-Ameríku og þekking á málefnum Vestur-Íslendinga er kostur.

Um er að ræða fullt starf frá 15. febrúar vegna fæðingarorlofs starfsmanns. Nánari upplýsingar um starfið veitir Ásta Sól Kristjánsdóttir, verkefnisstjóri Snorraverkefnisins, í síma 551-0165 eða 534-0017 og á netfanginu astasol@snorri.is.

Umsóknir berist til Snorrastjórnar c/o Norræna félagið, Óðinsgötu 7, 101 Reykjavík í síðasta lagi 30. nóvember n.k.

Snorraverkefnið er samstarfsverkefni Þjóðræknisfélags Íslendinga og Norræna félagsins, sjá nánar á www.snorri.is

Heiðursfélagar ÞFÍ

Vigdís Finnbogadóttir frv. forseti Íslands var kjörin heiðursfélagi ÞFÍ á 50 ára afmæli félagsins 1989.

Aðrir heiðursfélagar sem kjörnir hafa verið eftir að félagið hóf starfsemi aftur 1997 eru.

Stefan J. Stefanson (2004)

Magnus Olafson (2005)

Neil Bardal (2007)

David Gislason (2007)

Finnbogi Guðmundsson (2007)

Bragi Friðriksson (2008)